

Raflækningar

Raflækningar (electroconvulsive therapy, ECT) er meðferð sem hefur reynst gagnleg við sumum alvarlegum geðsjúkdómum þegar lyfjameðferð hefur ekki borið árangur. Meðferðin felst í að veikum rafstraumi er beint í gegnum höfuðið til að framkalla flog. Það hefur áhrif á efnaskipti í heilanum þannig að einkenni geta minnkað og líðan batnað. Meðferðin er framkvæmd í stuttri svæfingu á Hjartagátt Landspítala við Hringbraut.

Meðferðinni hefur verið beitt í meira en 70 ár og framkvæmd hennar tekið miklum framförum á þeim tíma. Í meðferðinni er öryggi sjúklings alltaf haft að leiðarljósi og að hún valdi sem minnstum óþægindum.

Algengt er að meðferð sé veitt tvisvar til þrisvar í viku og að endurtaka þurfi hana í sex til 12 skipti í heild til að fullnægjandi árangur náist. Þörf fyrir áframhaldandi meðferð er metin eftir hvert skipti. Áhrif meðferðar aukast eftir því sem hún er oftast veitt.

Raflækningar geta dregið úr sjálfsvígshættu og komið í veg fyrir alvarleg líkamleg veikindi vegna næringarskorts í stjarfaástandi.

Undirbúningur

Fyrir fyrstu meðferð þarf að skoða almennt heilsufar. Flestir þurfa að fara í blóðrannsókn og hjartalínurit. Samráð er haft við aðra sérfræðilækna ef ástæða þykir til. Læknir á geðdeild aflar undirritaðs samþykkis hjá sjúklingi fyrir meðferðinni.

Svefnlyf, róandi lyf og lyf sem hemja krampa geta dregið úr árangri meðferðar. Notkun þessara lyfja er því oft takmörkuð áður en meðferð er hafin og meðan á henni stendur.

Fasta fyrir meðferð

Nauðsynlegt er að fasta í 6 klst. fyrir meðferð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu.

- Ekki má borða fasta fæðu síðustu 6 klst. fyrir komu á Hjartagátt.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir meðferðina.
- Ef sjúklingur er með háþrýsting eða hjartasjúkdóm metur læknir þörf á að taka inn hjartalýf að morgni meðferðardags. Hið sama gildir um astmalyf.

Koma á Hjartagátt

Mæting er í móttöku 10DE í kjallara Landspítala við Hringbraut kl. 8:15 á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum og kl. 8:45 á föstudögum. Þessar tímasetningar geta breyst og verður þá látið vita af því. Við komu þarf að gefa sig fram með því að skrá sig inn á móttökustandi í afgreiðslu Hjartagátta.

Algengt er að fleiri en einn komi í raflækningar á sama tíma og því getur stundum verið bið. Gott er að hafa afþreyingarefni meðferðis.

Framkvæmd meðferðar

Fyrir rafmeðferð er settur æðaleggur í handlegg og sjúklingur tengdur við tæki sem vaktar hjartslátt, blóðþrýsting og súrefnismettun. Læknir eða hjúkrunarfræðingur frá geðsviði ásamt svæfingalækni og svæfingahjúkrunarfræðingi sjá um meðferðina.

Rafskaut eru fest á höfuð sjúklings og þau tengd við sérstakt tæki sem gefur rafstraum til að framkalla krampa. Fyrir meðferðina er fyrst gefið svæfingalyf til að sofna af og síðan vöðvaslakandi lyf í æðalegg til að draga úr vöðvakippum. Súrefni er gefið í gegnum grímu og mjúkt stykki sett upp í munn til að verja tennur. Það er fjarlægt þegar sjúklingur vaknar eftir meðferð.

Þegar lyfin eru farin að virka er gefin röð stuttra rafpúlsa, sem hver varir í þrjár til átta sekúndur. Við það verða krampar sem standa oftast yfir í minna en mínútu. Við krampann stífnar líkaminn og kippist til en vöðvaslakandi lyfin draga úr þessum viðbrögðum. Að meðferð lokinni fer sjúklingur á vöknun þar sem fylgst er með lífsmörkum þar til hann vaknar að fullu.

Flestir geta útskrifast heim u.þ.b. einni klukkustund eftir að þeir vakna. Sjúklingur, sem er innliggjandi á Landspítala, fer á sína deild. Þeir sem koma að heiman þurfa að gera ráðstafanir til að vera sóttir.

Til athugunar

Ekki má aka bíl fyrir en daginn eftir rafmeðferð og svæfingu.

Áhætta og aukaverkanir

Aukaverkanir geta fylgt raflækningum eins og allri annarri meðferð, eins og þreyta og skerðing á áttun daginn sem meðferð fer fram. Sumir geta einnig fundið fyrir ógleði, höfuðverk og harðsperrum. Truflun á skammtímaminni er algeng á meðferðardegi en það jafnar sig venjulega á nokkrum vikum eftir að henni lýkur.

Örfáir sjúklingar lýsa langvinnari minnisglöppum hjá sér, yfirleitt tengt tímabili rétt fyrir þunglyndislotu eða á meðan henni stóð. Yfirleitt koma þessar minningar til baka en þó ekki undantekningarlaust.

Dánartíðni eftir raflækningar er minni en eftir minniháttar skurðaðgerðir og tengist helst svæfingu.

**Ef þér fer að líða illa eftir að heim er komið,
vinsamlegast hafðu samband í síma: 543 4048.**

Ef þú af einhverjum ástæðum kemst ekki í raflækningar, vinsamlegast hafðu samband í síma: 543 4048 og 543 2050.

Frekari upplýsingar

Gagnlegt myndband um raflækningar: <https://www.youtube.com/watch?v=HEot7ow3yfk>